

Garðheimar Gróðurvörur ehf.  
Álfabakka 6  
109 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2024  
UST202405-121/K.S.G.  
07.07.02

### **Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits með plöntuverndarvörum sem fyrirtækið Garðheimar Gróðurvörur ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Vörurnar Ferramol N, Húsa- og garðaúði, Permasect C, Roundup úði, Toxan illgresiseyðir, Ukrudtsfri Kvik klar-til-brug, Alar-85 SG, BotaniGard WP, Floramite 240 SC, Neem Azal-T/S, Paraat og Select 240 EC voru skoðaðar m.t.t. markaðsleyfis og merkinga, sbr. efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 544/2015, reglugerð nr. 677/2021 og reglugerð nr. 415/2014. Vörurnar uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í framangreindum lögum og reglugerðum og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Garðheimar Gróðurvörur ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið [kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir  
**sérfræðingur**

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>